



Dagsetning: 1. ágúst 2023
Málsnúmer: 2308006
Bréfalykill: 7.0

Til fræðslunefndar

T I L L A G A

að fundaáætlun fræðslunefndar fyrir haust 2023

Í samþykkt fyrir fræðslunefnd segir að í fundaáætlun fræðslunefndar skuli m.a. koma fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á. Nú liggja fyrir dagsetningar bæjarráðs og fundaáætlun bæjarstjórnar og með hliðsjón af þeim og fyrirbyggjandi verkefnum fræðslunefndar leggur undirritaður fram, að höfðu samráði við formann fræðslunefndar, eftirfarandi tillögu, að fundaáætlun fyrir haustið 2023.

22. ágúst	Skólabyrjun ársins 2023-2024, breytingar á kennslutímaúthlutun grunnskóla, starfs- og fjárhagsáætlun í fræðslumálum 2024.
12. sept.	Starfs- og fjárhagsáætlun, 6 mánaða uppgjör.
26. sept.	Starfs- og fjárhagsáætlun
10. okt.	Starfs- og fjárhagsáætlun, skólanámskrár og starfsáætlanir skóla.
24. okt.	Starfs- og fjárhagsáætlun, skólanámskrár og starfsáætlanir skóla.
7. nóv.	Sumarleyfi leikskóla sumarið 2024
5. des.	Ársfjórðungsuppgjör

Með bestu kveðju

Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu

